

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um kílómetragjald vegna
notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (TBE, JFF, ÁBG, SþÁ, NTF).

1. 1. málsl. 1. tölul. 4. gr. orðist svo: Bifreiðar sem ætlaðar eru fyrir starfsemi björgunarsveita, sem og viðurkenndra heildarsamtaka þeirra, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að viðkomandi tæki verði einungis notuð í þágu björgunarsveita.
2. Við 5. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Við skráningu á stöðu akstursmælis, skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri leggja kílómetragjaldá gjaldskyldan aðila vegna þeirra liðnu gjaldtímbila sem ekki hefur verið lagt á sem og yfirstandandi gjaldtímbil frá upphafi þess fram að skráningu á stöðu akstursmælis.
3. Við 9. gr.
 - a. Á undan orðunum „í miðlægri þjónustugátt stjórvalda“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: gjaldskyldum aðila, skv. 1. og 2. mgr. 3. gr.
 - b. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Liggi ekki fyrir áætlaður akstur kaupanda eða nýs umráðamanns á ársgrundvelli eða ef eingöngu ein þekkt skráð staða á akstursmæli liggur fyrir, skal ríkisskattstjóri áætla akstur fyrir næsta tólf mánaða tímabil frá kaupum eða skráningu á nýum umráðamanni gjaldskyldrar bifreiðar sem fellur undir 1. eða 2. tölul. 2. gr. miðað við eftirfarandi.
 - c. Í stað orðanna „þeirra tímamarka sem fram koma í“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: tímamarka.
 - d. Í stað orðsins „hvers“ í 1. málsl. 7. mgr. komi: næsta.
 - e. Í stað orðsins „gjalddaga“ í 2. málsl. 7. mgr. komi: eindaga.
 - f. Orðið „talið“ í 3. málsl. 7. mgr. falli brott.
4. Við 10. gr.
 - a. Í stað orðanna „þeirra tímamarka sem fram koma í“ í 4. mgr. komi: tímamarka.
 - b. Við 1. málsl. 5. mgr. bætist: sbr. 2. málsl. 7. mgr. 9. gr.
 - c. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Við eigendaskipti eða breytta skráningu umráðamanns skv. 13. gr., tímabundinn flutning úr landi skv. 1. tölul. 5. gr., þegar skráningarmerki eru sett í varðveislu skráningaraðila skv. 2. tölul. 5. gr. og afskráningu bifreiðar skv. 14. gr. er, þrátt fyrir 1. málsl. gjalddagi álagningará fyrsti dagur næsta mánaðar og eindagi 14 dögum síðar.
 - d. Í stað orðanna „fyrir eindaga“ í 3. málsl. 5. mgr. komi: á eindaga.
 - e. 6. mgr. orðist svo:
Við mismun, sem í ljós kemur á álögðu kílómetragjaldi og fyrirframgreiðslu þess, sem stafar af of lágri fyrirframgreiðslu, skal bæta 2,5% álagi á ársgrundvelli.
 - f. Í stað orðanna „laga um innheimtu opinberra gjalda“ í 2. málsl. 7. mgr. komi: laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

5. Við 13. gr.
- Á eftir orðunum „stöðu akstursmælis“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: og áætlaðan akstur kaupanda á ársgundvelli.
 - Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: sem og yfirstandandi gjaldtímbils frá upphafi þess fram að skráningu.
 - Á eftir orðunum „kílómetragjald“ í 4. mgr. komi: þ.m.t. fyrirframgreiðsla þess.
6. Við 14. gr.
- Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: sem og yfirstandandi gjaldtímbils frá upphafi þess fram að afskráningu.
 - Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þrátt fyrir 1. málsl. ber ekki að skrá stöðu akstursmælis við afskráningu gjaldskyldrar bifreiðar sem undanþegin hefur verið greiðslu skv. 1. eða 2. tölul. 5. gr.
7. 15. gr. orðist svo:
- Virkni og rétt talning kílómetra samkvæmt akstursmæli er á ábyrgð gjaldskylds aðila.
- Komi í ljós að talning akstursmælis er röng eða engin skal gjaldskyldur aðili tafar-laust tilkynna um bilun mælis til Samgöngustofu og grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja rétta talningu kílómetra.
- Ef taka þarf akstursmæli til viðgerðar skal lesið af honum áður en viðgerð hefst eða annar akstursmælir settur í hans stað og tilkynnt um stöðu hans til Samgöngustofu. Jafn-framt skal tilkynnt þegar í stað til Samgöngustofu um lok viðgerðar, eða eftir atvikum, skipti á akstursmæli og skal þá jafnframt skrá stöðu akstursmælis.
- Komi í ljós að talning akstursmælis er röng eða engin skal ákvörðun um fyrirfram-greiðslu og álagningu, þ.m.t. álagning kílómetragjalds vegna óuppgerðra gjaldtímbila, taka mið af fyrri skráningu á akstri bifreiðar gjaldskylds aðila. Liggi upplýsingar um akstur ekki fyrir skal ákvarða akstur skv. 2. mgr. 9. gr.
8. Í stað orðsins „tveggja“ í 3. mgr. 18. gr. komi: þriggja.
9. Við 19. gr.
- Í stað orðsins „tveggja“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: þriggja.
 3. og 4. mgr. falli brott.
10. Við 1. mgr. 21. gr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Lögveð fellur niður við eig-endaskipti hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögveðið.
11. Við ákvæði til bráðabirgða II.
- Í stað „1. janúar 2024“ í 1. og 5. mgr. komi: 1. febrúar 2024.
 - Á undan orðunum „2. mgr. 9. gr.“ í 1. mgr. komi: 1. eða.
 - Í stað orðanna „þeirra tímamarka sem fram koma í“ í 3. mgr. komi: tímamarka.
 - Við 1. málsl. 5. mgr. bætist: sbr. 2. málsl. 7. mgr. 9. gr.
12. Við bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
- (IV.)
Sé bifreið erlendis, sbr. 1. tölul. 5. gr., eða skráningarmerki í varðveislu skráning-araðila við gildistöku laganna skal ekki skrá stöðu akstursmælis við afskráningu hennar að aðstæðum óbreyttum.
 - (V.)
Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 10. gr. skal ekki bæta á lagi við mismun á álögðu kíló-metragjaldi og fyrirframgreiðslu þess, sem stafar af of lágri fyrirframgreiðslu vegna bifreiða sem eru í eigu eða umráðum ökutækjaleigu sem hefur starfsleyfi skv. 3. gr. laga um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015, vegna aksturs á tímabilinu 1. janúar 2024 til 30. júní 2024.